

Mál 5a/2018

Ár 2018, miðvikudaginn 18. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 5a/2018

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 30. janúar 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ en við skráningu á hvolpum fæddum þann 13. september 2017 kom í ljós að Labrador Retriever rakkinn A, var ekki með gilda DNA niðurstöðu við pörun þegar hann var paraður við tíkina B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7. febrúar 2018 og henni gefinn andmælafrestur til 5. mars 2018. Svar dagsett 1. mars 2018 barst frá kærðu, þar sem kærða vísaði til svarbréfs í máli 27/2017. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 20. september 2017 kom í ljós að Labrador Retriever rakkinn A, var ekki með gilda DNA niðurstöðu við pörun. Hundarnir eru af tegundinni Retriever og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svari kærðu kemur fram að kærða hafi sent rakkann í sýnatöku um leið að það var ljóst að DNA skoðun vantaði.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með gild vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun. Í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Retriever: „Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ.“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að rakkinn hafi ekki haft vottorð um DNA próf gagnvart PRA við pörun. En slíkt vottorð eitt þeirra gagna sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóm. Það breytir ekki brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrirséð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar sem kærða var áminnt í fyrsta sinn þann 15. mars 2018 við brot á reglum félagsins þá þykir hæfileg refsing vera önnur áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

F.h. siðanefndar

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Fjóla Fannberg

---

Kristín Sveinbjarnardóttir